



Afreksstefna SKÍ 2015-2022

1. Stefnumótun – almenn atriði

Skíðaíþróttin sameinar náttúruna og manninn en hreyfing í ómengaðri náttúru er ómetanleg. Útivist, hreyfing, félagsskapur og fjölskyldan eru þættir sem að skíðaíþróttin horfir til og veitir öllum ánægju og heilsubót. Skíðaíþróttin skapar jákvætt viðhorf og styður heilbrigð gildi. Skíðahreyfingin á Íslandi er mjög stór þegar litið er til allra þeirra sem iðka skíði. Hún samanstendur af hinum almenna skíðamanni[1], aðildarfélögum SKÍ, landsliðsfólki og samtökum tengdum SKÍ. Slagorð skíðasambandsins er: „Rennum okkur saman...“

Skíðasambandið er leiðandi og sameinandi afl innan skíðahreyfingarinnar á Íslandi og er aðili að Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands. Skíðasambandið er fulltrúi hreyfingarinnar á erlendum vettvangi og í góðu samstarfi við alþjóða skíðasambandið. Skíðasambandið hefur mikilvægu hlutverki að gegna gagnvart sínum aðildarfélögum og hinum almenna skíðamanni og hefur sett sér neðangreind markmið til þess að sinna því hlutverki.

2. Fjöldi iðkanda og hæfileikamótun – almenn atriði

Markmið skíðasambandsins er að fjölga bæði iðkendum innan aðildafélaganna (sem að æfa skíði til keppni) og þeirra sem stunda skíði sér til gamans.

Til þess að ná því ætlar Skíðasambandið:

- Efla menntun og fjölga þjálfurum og skíðakennurum.
- Gera íþróttina sýnilegri meðal fjölmiðla, þannig að almenningur eigi auðveldara með að afla sér upplýsinga um hana.
- Gera afreksfólk okkar að sýnilegum fyrirmyndum fyrir börn um allt land.
- Stuðla að eflingu skíðasvæða landsins og bættri aðstöðu innanlands.

SKÍ stendur fyrir verkefnum fyrir ungt og efnilegt skíða- og brettafólk. Það eru verkefni á vegum FIS (Alþjóðlega skíðasambandið) og WSF (Alþjóðlega snjóbrettasambandið). SKÍ heldur utan um slík verkefni og velur tilvonandi afreksfólk í samráði við aðildarfélög og landsliðsþjálfara.

[1] Í þessari stefnu er hinn almenni skíðamaður skilgreindur sem einstaklingur sem stundar skíði eða snjóbretti sér til heilsubótar og ánægju, hvort sem hann sé meðlimur í aðildarfélagi eða ekki.

3. Afreksíþróttafólk

Samkvæmt ÍSÍ er afreksmaður hver sá sem stenst ákveðna viðmiðun við heimsafrekaskrá í viðkomandi grein. Um framúrskarandi íþróttamann er þá fyrst að ræða þegar einstaklingur skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum, sbr. skilgreiningu Afrekssjóðs ÍSÍ og viðkomandi sérsambands.

Skuldbinding iðkenda til fullrar þátttöku er grunnforsenda þegar kemur að vali í landslið SKÍ. Landsliðsþjálfarar og fagnefndir kynna í upphafi hvers tímabils þær kröfur sem gerðar eru til þátttakenda. Æfingaráætlanir eru settar upp fyrir lið og/eða einstaklinga. Í þeim eru sett markmið fyrir liðin eða eftir atvikum einstakra liðsmanna. Áætlanir innihalda lýsingar á æfingarmagni. Áætlun um aðkomu fagteymis SKÍ að undirbúningi liðsmanna er hluti æfingaráætlunar.

Afreksmaður á íslenskan mælikvarða telst sá keppandi sem:

- stendur fremstur á Íslandi í fullorðinsflokki
- hefur unnið bikarmót, bikarmeistaratitil eða verið í efstu þremur sætunum á Skíðamóti Íslands
- sem er í topp 3 á Íslandi í einhverri grein innan skíðahreyfingarinnar.

Afreksefni telst hver sá keppandi sem:

- stendur fremstur á Íslandi í sínum aldursflokki
- er í unglíngalandsliði SKÍ
- valinn hefur verið í þátttökuhóp fyrir heimsmeistaramót unglínginga og/eða Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar
- hefur sýnt stórstígar framfarir samfelld síðustu ár.

Sameiginlegt markmið skíðahreyfingarinnar er að Íslendingar eigi afreksfólk í fremstu röð.

Til þess að nálgast markmið hreyfingarinnar setur SKÍ sér bæði langtíma- og skammtímamarkmið.

Langtímamarkmið SKÍ eru hugsuð sem stefna sambandsins í afreksmálum og eiga að tryggja að iðkendur framtíðarinnar viti að hverju þeir ganga þegar þeir keppast við að öðlast sæti í landsliði Íslands.

Skammtímamarkið SKÍ eru hugsuð sem leiðarljós landsliðsfólks fyrir komandi keppnistímabil sem einstaklingsbundin markmiðasetning landsliðsfólks byggir á.



Langtímamarkmið SKÍ (til 2022)

Alpagreinar

- Að eiga a.m.k. þrjú keppendur í karla- og kvennaflokki innan við 500 á heimslista í a.m.k. einni keppnisgrein.
- Að eiga a.m.k. einn keppanda í karla- og kvennaflokki innan við 200 á heimslista í a.m.k. einni keppnisgrein.
- Að eiga einn karl og eina konu sem keppir reglulega í Evrópubikarröðinni.
- Að tveir til þrjú keppendur í karla- og kvennaflokki nái Ólympíulágmörkum.
- Að keppenda í karla- og kvennaflokki í topp 25 í a.m.k. einni grein á Ólympíuleikum.
- Að byggja upp yngri landslið og æfingahópa.

Skíðaganga

- Að eiga þátttakendur á stórmótum sem haldin eru s.s. Ólympíuleika, Heimsmeistaramóti o.s.frv.
- Að hafa krefjandi og spennandi verkefni fyrir yngri landslið.
- Að gefa út kröfur sem settar eru varðandi þátttöku í verkefnum á vegum SKÍ
- Að standa fyrir samæfingum landsliðsins með reglulegum hætti og tryggja aðgang landsliðsfólks að sérfræðiaðstoð/þjálfara til ráðgjafar og handleiðslu.
- Að landsliðsfólki verði sköpuð sú umgjörð við þjálfun, aðstoð á mótum og samkeppni á æfingum sem til þarf að ná langt.
- Að bjóða erlendum keppismönnum og/eða þjálfurum til landsins til þess að taka þátt í mótum, og æfa með íslenska landsliðinu.

Snjóbretti

- Að koma upp unglíngalandsliði
- Að koma unglíngalandsliði á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar 2017
- Eiga keppendur nálægt Ólympíulágmörkum 2018
- Eiga keppendur í fremstu röð á heimsvísu og eiga þátttakendur á Ólympíuleikunum 2022.

Leiðir SKÍ að langtímamarkmiðum

Langtímamarkmiðum sínum hyggst SKÍ ná með skýrum reglum um val einstaklinga í landslið og verkefni á vegum SKÍ, ráðningu hæfra landsliðspjálfa og fagteymis auk

áherslu á fagleg vinnubrögð í nefndum sambandsins. Einnig er mikilvægt að reyna að tryggja ákveðna samfellu í því sem snýr að landsliði og að eðlileg samkeppni sé um sæti í landsliði. Markmið yngri landsliða og/eða æfingahópa er að gefa til kynna með skýrum hætti hvaða einstaklingar koma til með að vera inni í áætlunum SKÍ um val á landsliði í framtíðinni. Skipuleg og samfelld umgjörð er mikilvæg, þar sem að fagteymi og þjálfarar vinna saman og horfa til lengri tíma en ekki til einnar nætur.

Skammtíamarkmið SKÍ

Á hverju vori, endurskoða fagnefndir SKÍ og setja sér ný markmið fyrir hvern vetur.

Leiðir SKÍ að skammtíamarkmiðum

Fagnefndir SKÍ stilla upp formlegum starfsáætlunum sínum sem endurspeglar skammtíamarkmið nefndanna. Starfsáætlun nær til skilgreiningu á verkefnum landsliða á komandi tímabili og ábyrgðaskiptingu þeirra. Fagnefndirnar og landsliðsþjálfari bera alla jafnan ábyrgð á eftirfylgni áætlana.

4. Þjálfarar

Skíðasamband Íslands stuðlar að menntun þjálfara skíðahreyfingarinnar. Fjögur stig eru í þjálfaramenntun SKÍ, sem nefnast *Þjálfari 1-4*. Fræðsluskipulag SKÍ er að meginefni til byggt upp eftir fræðsluskipulagi ÍSÍ sem og fræðsluskipulagi norska skíðasambandsins (NSF). Fræðsluskipulag SKÍ byggir þannig á áfangaskiptu kerfi ÍSÍ og verður almennur hluti þjálfara 1 til 4 alfarið í umsjón ÍSÍ. Með samkomulagi SKÍ við NSF verða námskeið sérgreinahluta byggð á norsku námskeiðunum 'Skileikleder' og 'Trener 1' til 'Trener 4' hvað efni og innihald varðar.

Langtíamarkmið SKÍ um þjálfara:

Að á Íslandi séu vel menntaðir og hæfir þjálfarar sem geta stutt við þjálfun iðkenda og stuðlað að því að þeir verði afreksmenn

Leiðir SKÍ að langtíamarkmiðum:

Til að ná þessu markmiði ætlar SKÍ að bjóða reglulega upp á nauðsynleg námskeið og fræðslu. Skipulag SKÍ er þannig:

- Að halda námskeið í þjálfara 1 á hverju ári
- Að halda námskeið í þjálfara 2 annað hvert ár
- Að styrkja áhugasama þjálfara til náms hjá erlendum skíðasamböndum í þjálfara 3 og 4.
- Að halda fræðslunámskeið í öllum greinum innan SKÍ á hverju ári er varðar mótahald, eftirlit og dómgæslu.

- Að nota heimasíðu sína til að gera fræðsluefni aðgengilegt

Skammtímamarkmið SKÍ

Fagnefndir SKÍ setja á hverju vori markmið fyrir næsta starfsvetur.

Leiðir SKÍ að skammtímamarkmiðum

Til að ná skammtímamarkmiðum beitir SKÍ skipulegum starfsáætlunum fagnefnda og eftirfylgni þeirra sem er í höndum framkvæmdastjórnar SKÍ og sjálfum fagnefndum.

5. Aðstaða

Aðstaða fyrir skíða- og brettaiðkendur þarf að mæta kröfum hins almenna iðkanda og afreksmanna. Aðstaða fyrir afreksmenn er óviðunandi og þarfnast úrbóta. Það þarf að skilgreina æfingaaðstöðuna sem keppnisvöll og með sama hætti og aðrar íþróttagreinar gera. Fyrir alpagreinar þarf aðgang að brekkum sem hægt er að girða af og eru undirbúnar fyrir keppendur en ekki almenna skíðamenn. Aðstöðu fyrir brettafólk þarf að bæta til samræmis við alþjóðlegar keppnisbrautir. Ennfremur þarf að skoða geymslur og aðstöðu fyrir búnað afreksfólks.

Aðstaða fyrir almenning er almennt viðunandi en það þarf sérstaklega að bæta aðstöðu fyrir börn til að stunda íþróttina.

Langtímamarkmið SKÍ fyrir aðstöðu er:

- Að koma upp góðri æfingar- og keppnisaðstöðu fyrir afreksmenn SKÍ sem stenst samanburð við æfingarsvæði í Skandinavíu og þannig að gera afreksfólki kleift að æfa fleiri daga á Íslandi yfir árið.
- Að koma upp aðstöðu þar sem afreksmenn geta geymt sinn búnað
- Að þrýsta á betra aðgengi og aðstöðu fyrir almenning á skíðasvæðum landsins

Leiðir SKÍ að langtímamarkmiðum:

Vinna SKÍ að snýst um að skilgreina kröfur sem gerðar eru til æfingaaðstöðu og vinna svo með rekstraraðilum skíðasvæðina að því að móta verkefni sem bæta úr aðstöðunni og færa nær settu marki. Þegar æfingaraðstaða afreksfólks tekur breytingum, fylgir aðstaða fyrir almenning einnig með

Skammtímamarkmið SKÍ

Fagnefndir og stjórn SKÍ setja á hverju vori markmið fyrir næstu tvö starfsár sem er enduskoðað á hverju vori.

Leiðir SKÍ að skammtímamarkmiðum

Skammtímamarkmiðum sínum hyggst SKÍ ná með formlegum starfsáætlunum fagnefnda

sambandsins um aðstöðu. Ábyrgð á eftirfylgni áætlana er á hendi framkvæmdastjórnar SKÍ, ásamt fagnefnda og stjórnar.

6. Fagteymi

Innan Skíðasambands Íslands er starfrækt fagteymi. Í þessu fagteymi eru læknir og sjúkráþjálfari. Það er mikilvægt að tryggja stöðugan aðgang afreksfólks að fagteyminu. Þá er einnig nauðsynlegt að stjórn, starfsmenn og fagteymi standi þétt við bakið á afreksfólki. Afreksmenn SKÍ hafa haft aðgang að fagteymisþekkingu ÍSÍ þar sem þekkingu SKÍ hefur skort.

Langtímamarkmið SKÍ fyrir fagteymi er að efla fagteymi SKÍ svo það geti sinnt þörfum afreksmanna þess

Leiðir SKÍ að langtímamarkmiðum

Langtímamarkmiðum sínum hyggst SKÍ ná með nánara samstarfi við fagteymið og með því að ná til aðila sem geta veitt fagteymi þekkingar innan íþróttasálfræði og næringarfræði.

Skammtímamarkmið SKÍ

Fagnefndir og stjórn SKÍ setja á hverju vori markmið fyrir næstu tvö starfsár sem eru endurskoðað á hverju vori.

Leiðir SKÍ að skammtímamarkmiðum

Skammtímamarkmiðum sínum hyggst SKÍ ná með formlegum starfsáætlunum fagnefnda og stjórna sambandsins um fagteymi. Ábyrgð á eftirfylgni áætlana er á hendi framkvæmdastjórnar SKÍ, ásamt fagnefnda og stjórnar.

7. Fjármögnun

Fjármögnun SKÍ og gerð fjárhagsáætlana er á ábyrgð stjórnar og unnið í sameiningu af framkvæmdarstjóra og stjórn. Fjármögnun sambandsins byggir á fjórum megin stöðum: opinberum styrkjum, styrkjum frá styrktaraðilum, tekjum frá aðildarfélögum og framlagi afreksfólks. Fjárhagsáætlun er unninn fyrir tvö ár í senn og lögð fram á Skíðapingi sem haldið er annað hvert ár til samþykktar.

Fjárhagsáætlun er unninn fyrir hverja fagnefnd fyrir sig sem leggur svo grunninn að fjárhagsáætlunum SKÍ. Byggir áætlanagerðin á verkefnaáætlun fagnefndanna sem grundvallast settum markmiðum. Verkefnaáætlunum eru settar þær skorður að hægt sé að tryggja fjármögnun þeirra.



Langtímamarkmið er að efla samstarf við styrktaraðila og treysta tekjugrunn SKÍ. Á sama tíma er markmið að draga úr vægi fjármögnunar með framlagi afreksfólks og að veita auknum fjármunum í að byggja upp fagþekkingu og stuðla að útbreiðslu.

Samþykkt á Skíðþingi 9.maí 2015